



Reglur um skólasókn í öðru skólahverfi í Skagafirði.

1. Börn á grunnskólaaldri skulu að jafnaði sækja skóla í sínu skólahverfi. Skólahverfin er skilgreind á eftirfarandi hátt:

Grunnskóli austan Vatna:

- Vegamót sunnan Ásgeirsbrekku norður að mörkum Skagafjarðar og Fjallabyggðar

Varmahlíðarskóli:

- Frá Birkihlíð
- Frá vegamótum sunnan við Ásgeirsbrekku að mörkum Skagafjarðar og Eyjafjarðar
- Byggð sunnan vegamóta þjóðvegur 1 og Skagafjarðarvegur, þ.m.t Efrabyggðarvegur, Dalspláss, Steinsstaðahverfi, Vesturdalur og Svartárdalur
- Frá mörkum Skagafjarðar og Húnabyggðar

Árskóli:

- Frá Gili
- Vegamót sunnan Ásgeirsbrekku vestur að Sauðárkróki
- Skagi frá mörkum Skagafjarðar og Skagabyggðar
- Reykjaströnd

2. Heimilt er að veita undanþágu frá meginreglunni í 1. tölulíð ef rík málefnaleg sjónarmið, fagleg eða félagsleg, liggja fyrir.
3. Beiðni foreldra um flutning skal vera skrifleg og rökstudd. Skal hún hafa borist fræðslustjóra sveitarfélagsins eigi síðar en 10. dag júnímánaðar til þess að unnt sé að taka afstöðu til hennar áður en skipulagning skólaárs viðkomandi skóla lýkur.
4. Fræðslunefnd afgreiðir umsóknir að fengnu álit sérfræðinga, skóla- og / eða félagsþjónustu sem og skólastjóra beggja skóla. Umsókn er einungis samþykkt ef:
 - a. talin eru fullnægjandi fagleg eða félagsleg rök fyrir beiðninni
 - b. ef kostnaður vegna breytinganna er óverulegur (skólaakstur, launakostnaður o.s.frv.)
 - c. ef breyting veldur ekki umtalsverðri röskun á starfsemi hlutaðeigandi skóla.
5. Ákvarðanir Fræðslunefndar skulu færðar í trúnaðarbók.
6. Foreldrar, sem telja á sig hallað, geta borið ákvarðanir Fræðslunefndar undir Byggðaráð, sem tekur fullnaðarákvörðun.